

ingsmenn töku til þeirra einu ráða, sem fyrir hendi voru, að sýna fram á að trúarskoðanir ættu ekki að koma til greina við forsetakoeningarnar. Þeir drógu engan dul á hvaða trú hann hefði; þurftu þess heldur ekki; hann var ekki fyrsti Únitarinn, sem varð forseti Bandaríkjanna. Það var ekki eðilegt að Roosevelt svaraði mörgum bréfum ofstæklismanna. Hann var ekki Únitarisjálfur og hefir efalaust skoðað það alt sem lítilfjörlegt aukaatriði í stjórnálumunum. Taft forseti er einn af mætustu mónum sinnar þjóðar og stendur í öllu jafnfætis þeim þjóðskörungum, sem halda fast við ortodoxan kristindóm. Ef greinarhöf, þekkir nokkuð sögu Bandaríkjanna, þú veit hann, að margir beztu menn þjóðarinnar hafa verið Únitarar. Íslenzkur blaðamaður og stjórnálamaður, sem dvalið hefir í Bandaríkjunum, sagði fyrir skómmu, að Únitarar væru "salt jarðar" þar; og það er sannmáli.

Alt það sem höf, segir um mætur enskumælandi þjóðanna á þeirri trú arstefnu, sem hann er að verja, er naumast svaravert. Allir menn vita að bæði í Ameriku og á Englandi eru frjálstrúarstefnurnar stöðugt að grafa um sig; allir vita að enskumælandi þjóðirnar eru svám sú man að yfirgefa hinn sögulega kyrkjukristindóm. Sú nýbreytni í trúmálum, sem á sér stað meðal Íslendinga, er að mestu leytti komin frá enskumælandi þjóðunum, að minsta kosti hér hjá oss Vestur-Íslendingum. Manni getur ekki annað en dottið í hug, að höf, sé að reyna að villa einhverjum fáfróðum lesendum Sanieiningarinnar sjónir. Þeg held ekki að það verði með sanni sagt, að nokkrar þjóðir hafi meiri mætur á trúarlegu frjálslyndi en einmitt enskumælandi þjóðirnar. Og þó svo væri ekki, hvers vegna skylduni vér Vestur-Íslendingar taka það nokkuð til greina. Höf, segir sjálfur, að þó Íslendingar á Fróni skiftu um trú, þá ættum vér Vestur-Íslendingar ekki að fylgja þeirra dæmi. En ef það væri nú satt að enskumælandi þjóðirnar skiftu ekki um trú, hvers vegna skyldum vér fylgja þeirra dæmi í því? Meiningin er ljós hjá höf.: Vestur-Íslendingar eiga að fylgja þeim, sem eru þróungsýnastir, asturhaldssamastir og lengst á eftir tímanum í trúmálum, bvar og hverjir sem þeir eru.

Tilraun höf, til að koma fólkiað trú að nýja guðfræðin og Únitaratrúin séu eitt og hið sama er skiljanleg. Þróungsýnum mónum gengur æfinlega illa að sjá nokkurn greinarmun á því, sem á eirhvern hátt er teirra stefnu andstætt, þó aðrir geti séð hann. En út í það, hversu skyldar stefnur nýja guðfræðin og Únitaratrúin séu, skal ekki farið hér. Búðar þær stefnur og ýms önnur "tákna tímann" ættu að sannfæra höf, um það, að Vestur-Íslendingar margir hverjir, ætla að skifta um trúarbrögð, eru búinir að því og manu framvegis gera það. Hvers vegna? Vegna þess að það er nauðsyn. Ef vér neituðum að fylgja tímanum og byrgðum eyru vor fyrir rödd sanoleikens, yrðum vér allir eins og uppi döguð nátt-tröll. Og ekkert ástand væri oss verra, né liklegra til hnignunar og astursfarar í öllu.